

Fundur stjórnar FMR 31. ágúst 2020 kl. 17:00-18:05

Mætt: Áslaug Kristjánsdóttir, Bryndís Kristjánsdóttir, Geirprúður Alfreðsdóttir, Gylfi Magnússon, Katrín Heiðar, Rósa Björk Brynjólfsson og Thor Aspelund.

1. Skólastarfið

Elísabet Siemsen rektor gerði grein fyrir hvernig skólalaldi væri háttað í upphafi skólaárs. Kom fram í máli hennar að flókið væri að koma öllum nemendum inn, hvorutveggja út af eins meters reglunni og 100 manna hámarkinu. Búið væri að skipta skólanum upp í fjögur sóttvarnarhólf. Alls væru 250 nemendur í 4. bekkjum og 247 í 5. bekkjum. Færri nemendur væru í 6. bekkjum. Hinir tveir fyrrnefndu árgangar þyrftu því að vera í sömu byggingu og skiptast á að mæta. Einfaldara væri að koma nemendum 6. bekkja fyrir. Í öllum grundvallaratriðum hefði þetta gengið vel það sem af er skólaári og nemendur glaðir að koma í skólann. Í samræmi við áherslur ráðuneytisins var lagt upp með að taka vel á móti nýnemum sem leiddi til þess að 5. bekkingar komu inn síðastir. Væri helst að óánægju gætti á meðal nemenda og foreldra 5. bekkja. Ráð væri þó fyrir gert að allir árgangar fengju jafnmarga skóladaga þegar upp væri staðið.

Mjög mismunandi aðstaða væri á milli skóla. Útfærslan á kennslufyrirkomulaginu væri þar af leiðandi mjög mismunandi. Engin ein leið væri betri en önnur. Ráðherra væri í góðu sambandi við skólastjórnendur og reglulegir upplýsingafundir á teams.

Mikið hefði reynt á kennara við þetta verkefni. Þeir hefðu bæði með höndum staðkennslu og fjarkennslu sem fæli í sér mun umfangsmeiri og flóknari vinnu en áður. Þá væri mun meira um hlaup hjá þeim á milli stofa. Að mestu leyti gengi þetta þó vel.

Félagslíf nemenda liði fyrir stöðuna. Væri það mjög slæmt. Erfitt væri að veita nemendum einhver svör um hvernig skólaárið yrði að þessu leitinu til. Skólafélögin væru að reyna að halda úti einhverju félagslífi að því leyti sem það væri unnt. Af hálfu skólans væri stefnt að því að halda þá viðburði sem hægt væri þó það yrði síðar eins og t.d. tolleringar nýnema. Þó lægi fyrir að einhverjar utanferðir nemenda sem voru fyrirhugaðar verða ekki farnar og aðrar verða færðar til.

Rektor sagðist vonast til þess að frekar drægi úr hömlum á skólastarfi frekar en hitt. Ef ekki þá kynni að koma til þess að skoða yrði möguleika á því að fá viðbótarhúsnæði undir kennslu eða fá undanþágu frá fjöldatakmörkunum. Hefði hún þegar tekið það upp við ráðuneytið. Mun rektor upplýsa um breytingar á plönunum strax og ef þær verða.

Ekki væri um neitt brottfall að ræða hjá nemendum vegna ástandsins. Erfitt væri að bera saman niðurstöður úr vorprófum saman við hefðbundið árferði, en útkoman væri ekki lakari.

Skólinn hefði tekið upp á þeirri nýbreytni í sumar að vera með fjarnámskeið í algebru. Var það fyrst og fremst hugsað fyrir nemendur sem væru að koma úr 10. bekk, en ekki endilega að fara í MR. Var mikill áhugi fyrir þessu og sóttu námskeiðið nemendur úr öllum bekkjum

framhaldsskóla, þó meirihlutinn væru nýnemar. Upphaflega var gert ráð fyrir 25 nemendum. Loka þurfti fyrir skráningu þegar 100 nemendur höfðu skráð sig. Sýndu nemendurnir mikinn dugnað og verður skoðað hvort þetta verði endurtekið.

Von væri á að eitthvað heyrðist frekar af fyrirhugaðri húsbyggingu á næstu dögum. Búið væri að gera við bílaplan nemenda og malbika að hluta. Verið væri að klára þakið á Íþöku. Þá væri fyrirhugað að setja upp hjólastæði við skólann á tveimur stöðum.

2. Framboð og kosning til stjórnar

Samkvæmt samþykktum félagsins skal framboð til stjórnar berast frá tímabilinu frá skólasetningu og fram að aðalfundi sem halda skal á tímabilinu 1. – 30. sept. Ræddir voru möguleikar til að halda aðalfund, eftir atvikum rafrænt, eða fresta honum. Ákveðið að bíða með ákvörðun þar um enn um sinn. Setja á FB-síðu félagsins áminningu um að opið sé fyrir framboð til stjórnar og að ákvörðun um aðalfund verði tekin síðar.

Sigríður Björnsdóttir, ritari, mun hverfa úr stjórn félagsins og eru henni færðar þakkir fyrir góð störf.

3. Kynning á foreldrafélaginu fyrir foreldrum nýnema

Hefð er fyrir því að foreldrafélagið hafi haft stutta kynningu á félaginu á fundi með foreldrum nýnema sem haldinn er í upphafi skólaárs. Liggur fyrir að sá fundur verður ekki haldinn að sinni. Samkvæmt upplýsingum frá rektor verður hann þó síðar, eftir atvikum fleiri en einn ef fjöldatakmörkanir krefjast. Foreldrafélagið mun þá þegar af verður kynna starfsemi félagsins. Að öðrum kosti verður skoðað hvort kynning fari fram með öðrum hætti, t.d. FB eða með tölvupósti.

4. Verkefni haustsins

Foreldrafélagið hefur styrkt ýmis verkefni skólans og nemenda, þ. á m. edrúpottinn og jógakennslu. Um aðkomu félagsins þetta skólaárið veltur á hvernig sóttvarnartakmörkunum framvindur. Hugmynd kom fram hjá rektor um að foreldrafélagið komi sterkt inn þegar um hægist, t.d. skenki hafragraut, mæti við tolleringar o.fl.

5. Önnur mál

Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

Fundi slitið

Fundargerð ritaði Bryndís Kristjánsdóttir